



Fréttabréf Flataskóla

16.09.2024

Samkennd – seigla – sjálfstjórn – sjálfstæði – skapandi hugsun

Fréttir og tilkynningar

Heil og sæl foreldrar og forráðamenn nemenda í Flataskóla.

Skólaárið 2024 – 2025 fer vel af stað hjá okkur. Það er ró yfir nemendum og við erum afar stolt af þeim. Allar stöður eru mannaðar og hópastærðir eru mjög viðráðanlegar. Nú eru 300 nemendur skráðir í skólann og tæplega 90 í frístundaheimilið Krakkakot. Þó nokkrir nýir nemendur hafa bæst við og við erum stolt af því hversu vel eldri nemendur hafa tekið á móti þeim.

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu um skólamál undanfarið. Við höfum ekki farið varhluta af þeirri umræðu og tökum alvarlega hlutverk okkar að styrkja nemendur og efla námsárangur. Hér starfa 300 einstakir nemendur hver og einn með sína hæfileika og okkar hlutverk er að gefa þeim verkfæri til að blómstra. Eitt af því sem við leggjum mikla áherslu á eru skýr viðmið um árangur. Þannig vita nemendur til hvers er ætlast. Skýr viðmið um æskilega hegðun og afleiðingar eru mikilvæg þar sem tími sem nemendur eyða í að fara ekki eftir fyrir mælum er tími sem ekki nýtist í nám. Við munum styðjast við þau verkfæri sem við höfum til að efla seiglu og sjálfstjórn. Við höldum áfram í vetur að leggja áherslu á s – in fimm (samkennd, seigla, sjálfstjórn, sjálfstæði og skapandi hugsun) og skólareglurnar okkar í skólalastarfinu. Við hvetjum ykkur til að nota þessi orð líka heima þegar það á við.

Í kennslunni notum við leiðsagnarnám og höfum fengið styrk úr þróunarsjóði Garðabæjar til þess að halda áfram að efla þekkingu okkar í þeim efnum. Leiðsagnarnám snýst í örstuttu máli um það að veita nemendum þá leiðsögn sem þeir þurfa til að ná námsmarkmiðum og vaxa þannig sem námsmenn. Hluti af því er að efla ábyrgð nemenda á eigin námi og hvetja þá til sjálfstæðis og skapandi hugsunar í lausn verkefna og vinna í því að auka seiglu.

Við erum einnig áfram Réttindaskóli Unicef en við leggjum áherslu á að samþætta og tengja saman nemendalýðræði og ábyrgð á eigin námi. Því eiga námsmenning leiðsagnarnáms og Réttindaskólaverkefnið margt sameiginlegt. Hér má finna nánari upplýsingar um

Réttindaskóla: <https://www.unicef.is/rettindaskoliogfristund>



Við teljum einnig að gott samstarf við heimilin sé lykilatriði í því að ná árangri. Því bið ég ykkur að skoða vel pistilinn um foreldrafélagið og auglýstan aðalfund hér fyrir neðan. Sömuleiðis bið ég ykkur um að hafa samband ef eitthvað kemur upp. Tölum vel um skólann og kennarana heima og hjálpumst að við að leysa mál sem upp koma. Tölum um mikilvægi náms og seiglu. Leggjum áherslu á samkennd og hvetjum til góðra verka. Í Flataskóla gengur margt vel og við erum á góðri siglingu en það er alltaf svigrúm til umbóta og saman getum við búið til framúrskarandi umhverfi fyrir börnin sem við berum ábyrgð á að koma farsælega út í lífið.

Það er margt framundan hjá okkur á haustmánuðum og við hvetjum ykkur til að fylgjast vel með og lesa vandlega vikupósta frá umsjónarkennurum.

Við höfum góða tilfinningu fyrir vetrinum og erum spennt að takast á við verkefnin sem bíða.

Kær kveðja,
Stjórnendur Flataskóla

Samskiptasáttmáli Garðabæjar

<https://www.gardabaer.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/forvarnir-og-fraedsla/gegn-einelti-i-gardabae/>

Nýr samskiptasáttmáli Garðabæjar hefur litið dagsins ljós. Í honum eru leiðarljós sem við nýtum okkur til að vinna með samskiptamál og forvarnir. Við hvetjum ykkur eindregið til að kynna ykkur sáttmálann. Upplýsingar um hvernig við vinnum með hann eftir árgöngum munu verða í árgangahandbókum sem kennarar eru að vinna þessa dagana og koma von bráðar inn á heimasíðu Flataskóla. Forvarnavika Garðabæjar verður 1. -8. Október nk. á þá verður unnið með innihald sáttmálans um allan bæ.



Skólaráð

Okkur vantar einn fulltrúa foreldra í skólaráð þar sem eitt foreldri í skólaráði „útskrifaðist“ frá okkur í vor. Skólaráð er mikilvægur vettvangur fyrir samstarf skóla og nærsamfélagsins. Fundað er tvisvar á önn.



Hér eru nánari upplýsingar um starfsemi skólaráðs: <https://island.is/reglugerdir/nr/1157-2008>

Foreldrafélag Flataskóla – ykkar félag

Aðalfundur foreldrafélags Flataskóla verður haldinn í hátíðarsalnum þriðjudaginn **17.september kl.19:30**. Endilega takið tímann frá og setjið í dagatal. Á síðasta ári mættu 8 foreldrar á aðalfund en vonin er að nú verði heldur betur bragarbót á. Foreldrafélag getur verið öflugt hagsmunafélag nemenda og einstaklega mikilvægur þáttur í skólasamfélaginu. Einhverjir stjórnarmenn sem voru í fyrra ætla að vera áfram en **félagið óskar eftir fólki til að taka sæti í stjórn.**

Ég vek sérstaka athygli á því að það er verulegur kynjahalli í stjórn félagsins og hjá bekkjarfulltrúum. Langflestir fulltrúar eru mæður nemenda í skólanum. Ég hvet því feður til að stíga fram og taka boltann ekki síður en mæður.

Skólareglur

Í fyrra hófum við vinnu með nýjar skólareglur. Skólareglurnar voru samdar af nemendum skólaárið 2023 – 2024 og tengdar við Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. **Hér** er hægt að skoða reglurnar. Í vetur munum við vinna með hverja reglu í þrjár vikur og æfa þær sérstaklega þar sem mikilvægt er að allir nemendur þekki reglurnar og tilgang þeirra vel.

Tónmenntakennsla og morgunsamverur

Í vetur mun Erla Björg Káradóttir sinna tónmenntakennslu í Flataskóla. Góðir tónmenntakennarar eru ekki á hverju strái og við höfum sannarlega dottið í lukkupottinn. Salurinn er tilbúinn og okkur hlakkar sannarlega til til að fylla skólann af tónlist og söng.



Farsímareglur

ENGIN SNJALLTÆKI HÉR!



Í Flataskóla er nemendum óheimilt að nota eigin síma eða snjalltæki. Ef nemendur þurfa að mati foreldra að koma með síma eða snjalltæki í skólann skal vera slökkt á tækjunum eða þau í flugham. Tækin eru ávallt á ábyrgð eigenda sinna.

Hvað gerist ef símareglum er ekki fylgt?

1. **ÁMINNING!** Fylgi nemandi ekki farsímareglum er hann minntur á reglurnar og gert að ganga frá símanum.

2. **BRJÓTI NEMANDI REGLURNAR ÍTREKAD ÞRÁTT FYRIR ÁMINNINGU** er honum boðið að **VELJA** á milli þess að:

- afhenda kennara/starfsmanni símann. Síminn er geymdur hjá umsjónarkennara eða umsjónarmanni frístundar til loka skóladags.
- fara á skrifstofu skólans og biða þar uns foreldri hefur komið í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins.

Ef nemandi á endurtekið í erfiðleikum með að fylgja farsímareglum Flataskóla getur komið til þess, að höfðu samráði við foreldra, að honum verði bannað að koma með síma í skólann.

Fréttir úr skólastarfinu á heimasíðu

Í vetur ætla árgangar að skiptast á að setja vikulega fréttir úr skólastarfinu á heimasíðu skólans. Við hvetjum ykkur til að fylgjast vel með.

Breytingar á stjórnendateymi

Í vetur bætist nýr deildarstjóri í stjórnendateymi Flataskóla. Hún heitir Halla Rózenkrans og hefur starfað sem kennari í Flataskóla í yfir 20 ár. Halla verður einnig að hluta til verkefnastjóri í upplýsingatækni.



Reglur um skólasókn

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtímaveikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaforðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir

Veikindi/leyfi

2-7 fjarvistir

Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.

10 dagar eða fleiri

Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.

8-14 fjarvistir

Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólastjórnanda ef ástæða þykir til.

15 dagar eða fleiri

Umsjónarkennari upplýsir skólastjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.

15-20 fjarvistir

Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði.

20 dagar eða fleiri

Skólastjórni boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjölunar í nemendaverndarráði.

21 eða fleiri fjarvistir

Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Engin breyting til batnaðar á skólasókn

Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu. Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.



Við minnum á

Nemendur fara út í frímínútur tvisvar á dag í öllum veðrum. Það er afar mikilvægt að mæta í skólann klæddur eftir verðri.